

Nd.

441. Frumvarp til laga

[253. mál]

um breyting á lögum nr. 45, 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Heiti laganna verður „Lög um Stofnlánadeild- og byggingastofnun landbúnaðarins“.

2. gr.

1. mgr. 3. tölul. 4. gr. orðist svo:

Gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, er nenni 1%. Við ákvörðun gjaldsins skal ekki tekið tillit til niðurgreiðslna. Ekki skal taka gjald samkvæmt þessum lið af útflutningi á lifandi hrossum, grávöru eða öðrum þeim útfluttum vörum, sem ekki eru verðlagðar í verðlagsgrundvelli. Gjald þetta innheimtist til ársloka 1980.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi eftirfarandi grein, er verður 10. gr.: Töluröð greina breytist í samræmi við það:

Stofnlánadeild landbúnaðarins veitir framlög til byggingar nýrra íbúðarhúsa á lög-
býlisjörðum utan þéttbýlis, svo og til smábýla og garðyrkjubýla, enda uppfylli þau skilyrði, sem sett eru fyrir lánveitingunni úr Stofnlánadeild, og njóti ekki lána frá Húsnaðismálastjórn ríkisins. Enn fremur veitir deildin framlög til endurbygginga á eldri íbúðarhúsum á býlum, sem uppfylla sömu skilyrði.

Á hvert íbúðarhús má veita í eitt skipti allt að kr. 120 000.00 og 10% af sannanlegum kostnaði við endurbyggingu íbúðarhúss, þó aldrei yfir kr. 120 000.00. Til að veita slík framlög fær Stofnlánadeild framlög úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

Við gildistöku laga þessara tekur Stofnlánadeild við greiðslum byggingarframlaga, sem Landnám ríkisins hefur annast, og stendur við skuldbindingar um framlög, sem gefnar hafa verið af landnámsstjóra. Líta ber á eldri framlög veitt af Landnámi ríkisins sem framlög Stofnlánadeildar, m. t. t. ákvæða 2. mgr. hér að framan.

4. gr.

III., IV., V., VI., VII., VIII., IX., X. og XI. kafli laganna falla úr gildi. XII. kafli verður III. kafli. Töluröð greina breytist til samræmis við þetta.

5. gr.

Við gildistöku laga þessara er lögð niður starfsemi Landnáms ríkisins, landnámsstjórn og landnámsnefndir. Starfsemin skal leggjast niður á árinu 1974, eftir nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu og öðru, sem flutt er samtímis, er lagt til, að öðrum aðilum verði falið að annast hluta af verkefnum Landnáms ríkisins, og að starfræksla þess leggist niður.

Með jarðræktarlögum nr. 79/1972 var sameinuð öll greiðsla á almennum jarðræktarframlögum, sem áður var bæði á vegum landnámsins og Búnaðarfélags Íslands.

Með frumvarpi til jarðalaga og frumvarpi til laga um heykögglaverka-smiður, sem nú liggja fyrir Alþingi, er nokkrum verkefnum landnámsins ráðstafað. Verði þau að lögum ásamt þeim frumvörpum, sem nú eru lögð fram, hefur verkefnum þeim, sem landnáminu eru falin með lögum nr. 45 16. apríl 1971, verið ráðstafað til annarra aðila.

Breyttar aðstæður hin síðari ár gera það að verkum, að upphafleg verkefni landnámsins eru að mestu úr sögunni. Ekki er lengur lögð sérstök áhersla á að stuðla að fjölgun býla.

Nýbýli hafa að undanfögnu ekki haft neina sérstöðu hvað viðvíkur framlögum til ræktunar og bygginga, og njóta nú engra framlaga umfram eldri býli. Ekki er lengur um neinar framkvæmdir að ræða á vegum landnámsins í „byggðahverfum“.

Eftir fyrirhugaðar lagabreytingar yrði farið með jarðir í byggðahverfum á sama hátt og aðrar ríkisjarðir.

Samkvæmt lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, voru verkefni Landnáms ríkisins þessi (28. gr.):

- a. Skipulagning byggðar í sveitum.
- b. Að halda jarðaskrá yfir allar jarðir.
- c. Að sjá um framkvæmdir í byggðahverfum.
- d. Að annast og fylgjast með:
 1. Ábúð og sölu jarða.
 2. Félagsræktun.
 3. Stofnun nýbýla, endurbyggingu og sameiningu jarða.
 4. Stofnun grænfoldurverksmiðja.
 5. Úthlutun ríkisframlaga til landbúnaðarins samkvæmt þessum lögum.

Með þeim lagabreytingum, sem þegar hafa verið gerðar og samkvæmt þeim frumvörpum, sem fyrir liggja, er verkefnum þessum ráðstafað á eftirfarandi hátt.

- a. Samkvæmt frumvarpi til jarðalaga, lið 1 6. gr., eiga byggðaráð „Að fylgjast með og taka ákvarðanir varðandi eigendaskipti og aðrar ráðstafanir fasteigna . . .“. Og 2. lið 6. gr.: „Stuðla að skipulagi dreifbýlis, m. a. með ábendingum og tillögum til sveitarstjórna“. Og 3. lið 6. gr.: „Gera tillögur um úthlutun landsvæða til ræktunar, byggingar sumarbústaða og almennra útilífsnota, þar sem þörf er talin fyrir land í þessu skyni.
Hér er byggðaráðum, sem eru heimaaðili, falið að vinna í samvinnu við sveitarstjórnir hliðstæð verkefni við skipulagningu í sveitum og landnáminu eru falin með gildandi lögum.
- b. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins til jarðalaga er landbúnaðarráðuneytinu skylt að sjá um, að haldin verði skrá yfir allar jarðir og ábúendur jarða.
- c. Framkvæmdir í byggðahverfum á vegum Landnáms ríkisins hafa engar verið að undanfögnu. Jarðræktartæki landnámsins hafa verið seld.

- d. 1. Verkefni þetta er, eins og að framan er getið, falið byggðaráðum samkvæmt frumvarpinu til jarðalaga.
- d. 2. Félagsræktun: Samkvæmt ákvæðum í jarðræktarlögum er veittur sérstakur stuðningur til félagsræktunar, þar sem erfitt er um ræktunarland. Að öðru leyti nýtur félagsræktun sama stuðnings og önnur ræktun.
- d. 3. Stofnun nýbýla, endurbygging og sameining jarða: Hliðstæð ákvæði eru í jarðalögum um skilyrði fyrir því, að stofnun nýbýlis sé heimiluð og eru í gildandi ákvæðum, sem Landnám ríkisins fer eftir.
- d. 4. Stofnun grænfóðursverksmiðju.
Lagt hefur verið fram frumvarp til laga um „heykögglaverksmiðjur ríkisins“.
- d. 5. Úthlutun ríkisframlaga.
Með frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er lagt til, að Stofnlánadeild landbúnaðarins annist úthlutun á framlagi til íbúðarhúsabygginga eftir samhljóða reglum og landnámið hefur haft um þá úthlutun.

Lagt er til, að framlög til gróðurhúsabygginga verði greidd samkvæmt jarðræktarlögum, og fylgir þessu frumvarpi frumvarp til breytinga á jarðræktarlögum. Áður hafði framlag til nýræktar, endurræktunar og grænfóðurræktunar, sem landnáminu var falið að greiða, verið tekið í jarðræktarlög.

Heimildir landnámsins til að greiða framlög til varmaveitna og til sameiningar jarða eru ekki teknar beint upp í önnur lög, en í 34. gr. frumv. til jarðalaga er hliðstæð heimild og í 2. tl. 61. gr. Stofnlánadeildarlaga til að styrkja búsetu á jörðum.

Auk þess, sem nú hefur verið rakið, eru gerðar — með frumvarpi þessu —, tillögur um breytingu á 4. gr. laganna, er varðar innheimtu á gjöldum til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Breyting þessi er í því fólgin í fyrsta lagi, að kveðið er skýrt á um það, að við töku gjaldsins skuli ekki taka tillit til niðurgreiðslna, sem ákveðnar kunna að vera hverju sinni. Í öðru lagi er lagt til, að gerð verði sú breyting, að ekki skuli taka gjald samkvæmt þessum lið (3. lið 4. gr.) af útfluttum hrossum og grávöru eða þeim vörum, sem ekki eru verðlagðar hér innanlands, né njóta útflutningsbóta.

Gjald þetta mundi leggjast á seljendur þessarrar vöru og kæmi því til viðbótar gjaldi samkvæmt 2. tölulið 4. gr.